

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimmun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimmunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	11.09.2020
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Aðalbjörgu Traustadóttur
Verkefni/tillaga:	Tillaga um breytingu á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis fyrir fatlað fólk. Að íbúðakjarni í þjónustuflokki II fyrir geðfatlaða einstaklinga sem á að vera í Árskógum 5-7 og kemur til framkvæmda árið 2021, verði breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Að íbúðakjarni í þjónustuflokki III fyrir geðfatlaða einstaklinga sem á að vera í Hagaseli 23 og kemur til framkvæmda í árslok 2021, verði breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir.
Þjónustubáttur:	Málefni fatlaðs fólks
Stofnun/kostn.st.:	Kostnaðarstaðir stofnaðir síðar
Fjárhæð:	41 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Markmið tillögunnar er að jafna fjölda einstaklinga á bið eftir sértæku húsnæði annars vegar á við eftir húsnæði fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir og hins vegar geðfötlun.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Tillagan er lögð fram með það að markmiði að auka jafnrétti á milli annars vegar fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir og hins vegar geðfötlun en töluvert fleiri einstaklingar með þroskahömlun og skyldar raskanir eru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Tillagan snýr að fötluðum einstaklingum óháð kyni.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Einstaklinga á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk með annars vegar geðfötlun og hins vegar þroskahömlun og skyldar raskanir.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan hefur áhrif á einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir sem eru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Ekki á þessu stigi máls.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.